

Baneitrað samband...

BÆKUR

Ljóðabók

SAGÐI MAMMA

eftir bandaríska rithöfundinn Hal Sirowitz (f. 1949). Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson íslenskaði, sennilega úr frummálinu. 94 bls. Dimma, 2001.

Í ljóðabókinni Sagði mamma eftir Hal Sirowitz í íslenskri þýðingu Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar eru allmörg ljóð sem verða að teljast heldur óvenjuleg. Þar er fjallað um sérkennilegt samband móður og sonar sem einkennist af ísmeygilegri meinfýsi. Ímynd hinnar fórnfúsu, hjálpsömu og ástríku móður er hvergi nærri. Mörg ljóðin hefjast á því að móðir varar son sinn við eða bannar honum eitthvað og rökstyður það heldur skringilega. T.d. í ljóðinu Brauðmylsna:

Ekki borða mat inni í herberginu þínu,
sagði mamma. Þá fjölgar pöddunum.
Þær reiða sig á fólk eins og þig.
Annars myndu þær svelta.
En hvern viltu gleðja,
mömmu þína eða fullt af maurum?
Hvað hafa þeir gert fyrir þig?
Ekkert. Þeir hafa engar tilfinningar.
Þeir éta sælgætið þitt. Samt
kemurðu betur fram við þá en þú kemur fram við mig.
Þú gefur þeim að staðaldri.
En þú býður mér aldrei neitt.
(11)

Svo virðist sem móðirin sé ofurbeisk, síþreytt og tuðandi og annaðhvort eru ræður hennar farnar að hljóma fáránlega í eyrum „sonarins“ eða hún er snarklikkuð. Honum er bannað að synda í sjónum, setja handlegginn út um gluggann, stinga fingrunum í rafmagnsinnstungu og sveifla regnhlíf inni í búð vegna þess að afleiðingarnar geta verið hrikalegar og fáránlegar. Móðirin brýtur son sinn markvisst niður, í sumum ljóðunum talar hún um hversu einskis nýtur hann sé, að engin kona muni vilja eiga hann og að hann hafi gjörsamlega brugðist vonum hennar. Ljóðin eru mörg hver skemmtileg og kaldhæðnin grípandi meðan móðirin lætur gamminn geisa. Rödd föðurins heyrir stundum, hann er hjáróma, nískur og ófullnægður gyðingur á miðjum aldri. Þegar sonurinn fær orðið kemur í ljós feimin og óöruggur maður sem á erfitt með að fóta sig í tilverunni. Hann lýsir m.a. samskiptum sínum við konur, kynlífsreynslu sinni og höfnun. Greinilegt er að niðurrifsstarfsemi móðurinnar um árabíl hefur skilað sér, sjálfstraust hans er í molum. Og þar sem móðirin hættir taka kynsystur hennar við:

Ekki í kvöld

Hún sagði að ég gæti ekki farið aftur
heim með henni, vegna þess
að hún yrði að læra fyrir próf. Og
að ég væri ekki fær um að hjálpa henni,
af því að ég væri ekki góður í stærðfræði.
Það eina sem ég væri góður í væri
að klæða hana úr fótunum, en

hún kynni það nú þegar.
(91)

Ljóð Sirowitz eru ekki bara óvenjuleg vegna efnisins; hins furðulega og baneitraða sambands mæðginanna. Formið er líka sérstakt; mjög lítið er um myndmál en þeim mun meira um óvæntar tengingar og niðurstöður. Ljóðin einkennast yfirleitt af hálfkæringi, eru talmálsleg og stundum fyndin en oftast geigar grínið:

Að koma vel fyrir

Ég fróaði mér tvisvar sinnum
áður en við fórum á stefnumótið,
svo ég virkaði ekki graður.
(66)

Ljóðin í Sagði mamma eru afar mistæk. Firring og bæling amerísks gyðingasamfélags á sjöunda og áttunda áratugnum er undir yfirborðinu en ratar ekki alveg til fólks sem notið hefur hins lúterska, frjálsa og agalauska íslenska uppeldis. Broddurinn og sársaukinn er stundum fyrir hendi en fer víðar forgörðum og eftir situr mestmegnis innihaldsleysi og stöku brandari. Þetta er ekki þýðandanum að kenna. Kannski höfðar þessi bók mest til unglingsdrengra sem munu eflaust kunna betur að meta sína eigin móður að lestri loknum.

Steinunn Inga Óttarsdóttir